

Fundur 21.11.2022 Elin Lamphaug norsk kona dó 1920.

Æji er ég nú kominn í samband við fólk á gömlu jörðinni, komið þið sæl.

*Góða kvöldið, vertu velkomin.*

Finnst mér það furðulegt og skynja ég ekki mikið til ykkar en var mér leyft að koma í sambandið og er ég hér með hjálp margra sem aðstoða mig að koma í sambandið og finnst mér það skrítið þau halda um mig svo ég skynji betur til ykkar og finnst mér vera kvöld hjá ykkur.

Er mér loksins farið að líða betur og hef ég fengið að hlýða á fólk það sem hefur komið mér á framfara brautina og sakna ég gamla landsins míns og finnst mér loksins núna eftir löng og erfið ár að líf mitt sé farið að verða meira í samræmi við minningar mínar á jörðinni sem ég átti þær kærustu og farin að njóta lífsins aftur og veit ég að það er rétt svo að byrja.

Og hef ég nú þessi allra síðustu ár, hef ég nú leitt hugan að öllum þessum fjölmörgu löndum sem eru á gömlu jörðinni og menningunni sem er þar og hef ég velt því fyrir mér hvort að það sé rétt að ástand okkar sem erum hér, muni batna ef við komum og við komum til ykkar fólks og segjum þeim að lægja óttann og vera ekki á valdi óttans lengur eins og ég var svo lengi og segjum þeim að það eru ekki ástæður til að berjast við aðrar þjóðir nema maður sé fullur af illum öndum.

Eins og mér var sagt að hefði hrjáð mig um langt skeið og finnst mér svo leiðinlegt að ég gat ekki ferðast til annarra landa og notað hæfileika mína fyrr en löngu síðar, en hef ég lengi velt því fyrir mér hvers vegna svona margir þjást enn þá á okkar jörð og gömlu jörðinni minni og fyrstu jörðinni sem ég kom á líka.

En hef ég ekki fengið skýr svör við því en hefur mér verið sagt að allt líf tengist saman og örlög einnar manneskju skipti máli fyrir heildina og okkur beri skylda til að horfa til baka og sættast við þá sem við gerðum eitthvað á hlut þeirra, eða ef við vorum ósátt við þá og fyrirgefa þeim sem gerðu okkur eitthvað.

Og hef ég sérstaklega hugsað til þess síðast liðin 10 ár, þar sem mér finnst eins og ég hafi sóað lífi mínu og líka því lífi sem ég lifði þegar ég var enn þá verri af sjúkdómi mínum og get ég þó ekki sagt að ekki hafi ég verið fullkomleg laus við öll þau köst í þessu lífi en framfarirnar eru svo miklar að ég sé fram á að það erfiðasta sé að baki.

Þjóðir okkar eru skildar og eitt sinn í æsku var mér sagt frá víkingunum sem sigldu út um allt og lögðu undir sig stóran hluta heimsins og hafði það nokkur áhrif á mig og teiknaði ég nokkrar slíkar myndir þegar sem barn og man ég enn eftir því og hefur mér verið hugsað til þess í þessu framlífi að lönd þau sem áttu í ófriði þegar, áður en ég dó á gömlu jörðinni, frumlífs jörðinni sköpuðu undirstöðu fyrir margskonar ógæfu sem þið eruð enn eruð í hefur mér skilist, ekki orðið friðsamlegt á jörðinni gömlu.

Og síðast liðin ár þegar ég hef farið út á meðal fólks og kynnst allskonar fólki hefur það upplökist fyrir mér að ég þarf ekki að vorkenna mér um fram það sem á mig var lagt af óútskýranlegum ástæðum, að allir beri einhvers konar kross og sjúkdóma.

Og það var hluti af óhamingju minni og veikindum að ég taldi ekki unnt að snúa til baka úr margskonar hugarfari sem að hamlaði bata og haldin ofskynjunum og sjúkleika þar að lútandi og segi frá því kannski á eftir en það finnst mér óþægilegt.

Ég vil segja frá því sem er gott og gleðilegt og ég á systkini hér sem hafa tekið mér opnum örmum og það er langur tími liðinn síðan ég var á gömlu jörðinni en þó ekki svo langur tími og hefur mér fundist það furðulegt að margt fólk sem ég hef hlustað á í þessum stjörnusambandsstöðvum, hefur sagt frá miklu lengra lífi en ég og hefur það ekki farið út í sína erfiðleika en veit ég að allir hafi átt einhverja erfiðleika.

Þjó ég í Noregi og dó ég um 1920, norsk kona Elin Lambhaug og fór ég á framlífs jörð hér þar sem ég var sett inn á stofnun, vildi gera sjálfri mér mein. Hélt mig vera anda og rak hausinn í og voru notaðar ýmsar aðferðir sem ekki hjálpuðu og leið mér miklu betur á jörðinni.

Fyrstu árin lenti ég, það voru nokkri menn sem að, vil ekki segja frá hér, en kom ég svo á aðra jörð þar sem mig heimsóttu ættingjar sem höfðu öðlast andlegan styrk til að ná til mín og var það eitthvað annað ástand í þjóðfélaginu sem stilli áhrif þannig að ég treysti fólki betur og hefur það stefnt upp á við og vil ég tala til allra þeirra sem þið þekkið í þesskonar kringumstæðum á gömlu jörðinni og segja þeim að gefast ekki upp, að það er einhver sem hjálpar og vil ég ekki hafa þetta lengra að sinni, en kannski ég komi síðar við tækifæri.

Verið þið sæl.

*Vertu velkominn aftur.*

*Vertu sæl og þakka þér fyrir.*